

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 31.3.2022
UST202203-045/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulagi - Norðurhraun í Þorlákshöfn – Sveitarfélagið Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 2. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðurhraun í Þorlákshöfn.

Í greinargerð kemur fram að landslagið einkennist mjög af hrauninu sem rann yfir svæðið fyrir rúmum sex þúsund árum, þar sem skiptast á grunnar, grasi vaxnar dældir og sléttar hraunklappir á víxl. Einnig segir að hraunið er um 12 m þykkt helluhraun með frekar slétt og ósprungið yfirborð. Auk þess kemur fram að eftir að hverfið er uppbyggt mun landslagið einkennast af húsum, götum, gangstéttum, bílastæðum, trjágróðri, túnbólum og leikssvæðum.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið 24. júní 2021¹ og varðandi breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins fyrir svæðið 22. september 2020².

Jarðminjar

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins kemur fram, þar sem fjallað er um framkvæmdir í *dreifbýli*, hvort sem um er að ræða íbúðarbyggð, frístundabyggð eða landgræðsla, að við gerð deiliskipulags skuli huga að náttúrfari og minjum til að koma í veg fyrir að mikilvægar jarðmyndanir og gróðursvæði verði fyrir áhrifum framkvæmda. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að litið sé til ofangreindra markmiða við gerð deiliskipulags í *þéttbýli* sveitarfélagsins.

Umhverfisstofnun tekur undir eins og kemur fram í greinargerð, að mikilvægt sé að þetta byggð, nýta innviði betur, stytta vegalengdir og leggja góða göngustíga sem hvata að vistvænum samgöngum sem hafa jákvæð áhrif á lýðheilsu. Hins vegar telur stofnunin að ofangreindum markmiðum sé náð þó svo að jarðminjar séu kortlagðar innan þéttbýlisins og vegir, lóðir og byggingreitir séu staðsettir með tilliti til þeirra. Auk þess telur stofnunin að hægt sé að hanna deiliskipulagið með þeim hætti að tekið sé tillit til verndun jarðminja og þær séu hluti af hönnun grænna svæða, leiksvæða og almenningsrýma. Með þessu

¹ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%20c3%b6gn%20-%20Nor%20c3%b0urhraun.pdf>

² <https://ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/Ums%20c3%b6gn%20-%20c3%8db%20c3%ba%20c3%b0arsv%20c3%a6%20c3%b0i,%20reitur%20c3%8d6%20-%20c3%9eori%20c3%a1ksh%20c3%b6fn.pdf>

getur sveitarfélagið uppfyllt sín markmið, þétt byggð, aukið byggingalóðir, verndað jarðminjar og skapað aðlaðandi almenningsrými og á sama tíma tekið tillit til markmiða og ákvæða náttúruverndarlaga.

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að hraunið á svæðinu fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. náttúruverndarlaganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Bensínstöð

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tekið sé fram í greinargerð tillögunnar að farið verði eftir ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, að staðsetning olíumannvirkja sé skv. 6. gr. reglugerðarinnar, að hönnun og gerð geyma uppfylli ákvæði IV. kafla reglugerðarinnar sem og umbúnaður, lekavarnir, lagnir og annar viðeigandi búnaður. Einnig skal farið yfir í greinargerðinni hvernig viðbrögðum við mengunaróhöppum skuli háttað skv. VI. kafla reglugerðarinnar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Porkelsdóttir
sérfræðingur

